

Dags: 22/11 2024

Strandabyggð

b.t. Sveitastjórnar Strandabyggðar
Hafnarbraut 25
510 Hólmavík

Erindi: Fasteignagjöld vegna breyttrar starfsemi í Höfðagötu 3b og nafnabreyting

Okkur í fjölskyldunni er annt um Hólmavík og eyðum við mörgum stundum þar ásamt því að vera þáttakendur í Galdri Brugghúsi. Við höfum lengi horft til Sláturhússins við Norðurfjörum sem hefur verið vannýtt og fengið lítið viðhald undanfarna áratugi. S20 ehf gerði tilboð í húsnæðið sem var samþykkt og hefur verið ákveðið að byggja upp menningartengda starfsemi í húsinu. Verkefnið höfum við ákveðið að gefa nafnið Norðurfjara Menningarmiðstöð/Safn. Í húsinu mun vera alhliða viðburða- og sýningasalur, landnámssýning, listamannaíbúðir og nýsköpunaraðstaða. Framkvæmdir og undirbúningur sýninga eru í vinnslu og verður unnið að uppbyggingu í vetur og stefnt að opnun á fyrsta áfanga sýninga um mitt sumar 2025.

Menningartengd verkefni eru í forgrunni. Það verða sýningar í viðbyggingu, frystiklefanum og að hluta til í sláturhúsinu og í gömlu verbúðunum verða listamannaíbúðir á miðhæð og opnar vinnustofur fyrir listamenn á jarðhæð sem verða opnar almenningi. Nýsköpunaraðstaða er í vinnslu.

Sem dæmi um sýningar:

Orkusýning verður sett upp í samvinnu við Orkustofnun, Vistorku o.fl.

Skólakrakkar á Hólmavík og aðrir gestir geta komið í fræðandi heimsókn um orku og orkumál á Vestfjörðum ásamt því að fræðast um verkefnið Norðurfjara.

Landnámsmenn á Ströndum - Það vita fáir af hverju fjörðurinn heitir Steingrímsfjörður eða næsti fjörður Bjarnarfjörður. Vönduð sögusýning og flottar teikningar af landnámsmönnum og samfélagi þeirra. Landnámsstígur verður lagður innanhúss, reist hof með líkneskjum, o.fl. Heimildaöflun í sýningunni verður í höndum Bergsveins Birgissonar rithöfundar.

Tónlistarsýning - Gunnar Þórðarson og afrek hans í tónlistarsögunni. Sýning unnin í samvinnu við fjölskyldu Gunnars, samstarfsaðili í sýningunni verður Katrín Perla dóttir Gunnars.

Tryggvi Magnússon auglýsingateiknari, saga hans og teikningar eftir hann ásamt hans helstu frábæru verkum.

Ljósmyndasýningar, tónlistarviðburðir o.fl.

Listamenn dvelja í gömlu verbúðunum og í lok dvalar sýna listamenn afraksturinn í opnum vinnusal á neðri hæð þar sem heimamenn og aðrir gestir geta notið fjölbreytileika listar ásamt öðrum áhugaverðum sýningum.

Verkefnið er sniðið út frá því að auðga menningarlíf og lífsgæði íbúa Strandabyggðar ásamt því að fræða fólk um staðhætti og sögu Stranda, búa til einstaka upplifun og lengja heimsóknir ferðamanna á staðnum sem er mikilvægt fyrir þjónustu og samfélagið í heild. Auk þess að skapa atvinnutækifæri og efla nýsköpun á svæðinu.

Verkefnið Norðurfjara hlaut styrk í arkitektúr frá Sterkar Strandir. Samstarf við arkitekta tókst mjög vel og verður áframhald á samstarfinu vegna uppbyggingarinnar.

Við værum þakklát ef það væri hægt að fella niður fasteignagjöld tímabundið frá árinu 2025 vegna breyttrar starfsemi húsnæðis svo að verkefni öðlist líf og nái að halda gæðum. Húsnæði eru mjög illa farin og þarf mikla fjármuni og vinnu að koma þeim í gott stand til sýninga svo að þau verði umhverfi og samfélagi til sóma.

Við hlökkum til að vinna með Strandabyggð og samfélaginu að þessari menningar uppbyggingu. Látum fylgja með teikningar sem voru gerðar á húsnæði v/ Sterkar Strandir og teikningar vegna landnámssýningarinnar sem eru í vinnslu ásamt öðrum sýningum.

Jafnframt viljum við breyta nafni addressu/staðsetningu Höfðagötu 3b í Norðurfjara þar sem húsið liggur í línu við önnur hús skráð í Norðurfjöru. Það yrði erfitt fyrir gesti að leita að húsinu við Höfðagötu eða Kópnesbraut. Sem hugmynd í samráði við Finn frkv.stjóra Galdurs Brugghúss þá gæti Sláturhúsið/Höfðagata 3b verið Norðurfjara 1, Hlein Norðurfjara 2 og skúrar við hliðina Norðurfjara 3a og 3b. Við viljum fara frá Sláturhús nafninu svo að það valdi ekki ruglingi, þar sem það er í notkun í menningarlegum tilgangi t.d. á Fljótsdalshéraði.

Með von um jákvæð viðbrögð
Ólafur Númason
Fyrir hönd S20 ehf.